

D ó m s o r ð:

Hinn kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Hafnarfirði á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Jón Ólafsson, greiði varnaraðilja, Ingólfi Guðnasyni vegna byggingarnefndar fyrir íbúðir aldraðra á Hvammstanga, 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1983.

Nr. 34/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Óla Guðmundi Jónssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Ríkissaksóknari, sem krefst staðfestingar héraðsdóms, hefur fallið frá kröfu um, að brot ákærða verði fært til 24., sbr. 33. gr. áfengis-laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Eftir uppsögn héraðsdóms hafa fjórir menn borið vitni að ósk ríkissaksóknara fyrir sakadómi Keflavíkur vegna málsins. Af framburði lögreglumanna þeirra, sem stöðvuðu ákærða við aksturinn, og varðstjóra þess, sem skýrslu tók af honum, kemur ekki fram, að ákærði hafi borið nein sýnileg ölvunarmerki, og Eyjólfur Árni Kristinsson vörubifreiðarstjóri, sem kveðst hafa hitt ákærða í Grindavík þennan morgun og talað þar við hann, segist enga áfeng-

islykt hafa greint né önnur merki þess, að ákærði hefði neytt áfengis.

Ákærði var stöðvaður við akstur bifreiðar um hádegisbil 29. nóvember 1980, og í blóðsýni, sem honum var tekið kl. 1225, mældist alkohól $0.58_{\text{o}/\text{oo}}$ með þeirri aðferð, sem hér er tíðkuð (gasgreining á súlu.)

Í héraðsdómi er lýst álitsgerðum kunnáttumanna, sem aflað var í hæstaréttarmálinu nr. 178/1978, sem dæmt var í Hæstarétti 20. júní 1980 (Hrd. LI, bls. 1378). Í þeim dómi kemur fram það álit dr. Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, að ef þéttni alkóhóls í blóði sé meiri en $1_{\text{o}/\text{oo}}$ eða minni, sé venja að telja vikmörk frá miðtölugildi $0.10_{\text{o}/\text{oo}}$. Davíð Davíðsson prófessor, Matthías Kjeld læknir og Aðalsteinn Emilsson líffræðingur, sem dómkvaddir voru í sama máli til álitsgerðar, telja í henni, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanólinnihaldi minna en $0.50_{\text{o}/\text{oo}}$ ákvarðist $0.58_{\text{o}/\text{oo}}$ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að það ákvarðist $0.56_{\text{o}/\text{oo}}$ eða meira. Þá er í héraðsdómi lýst álitsgerð þriggja manna, sem dómkvaddir voru til þess að láta uppi álit sitt á þessu atriði í sambandi við annað mál. Í áliti þeirra kemur fram, að meðal þeirra, sem rannsóknastofan gefi upp með $0.56_{\text{o}/\text{oo}}$ alkohól, megi gera ráð fyrir, að færri en einn af 1000, og af þeim, sem mælst hafi $0.55_{\text{o}/\text{oo}}$, megi gera ráð fyrir, að færri en einn af 100 hafi haft minna en $0.55_{\text{o}/\text{oo}}$ alkóhól í blóði.

Við mat á niðurstöðum alkóhólákvæðana í blóði hefur um langt skeið verið gert ráð fyrir, að möguleiki sé á nokkurri ónákvæmni, þannig að mæling gæti sýnt nokkru meira eða minna alkóhólinnihald en raunverulega er í blóði. Hefur hér verið miðað við vikmörkin $\pm 0.10_{\text{o}/\text{oo}}$, og samkvæmt því væri hugsanlegt, að raunverulegt alkóhólinnihald í blóðsýni, sem mælt væri $0.58_{\text{o}/\text{oo}}$, væri $0.48-0.68_{\text{o}/\text{oo}}$. Meðan sú aðferð var viðhöfð að greina rokgjörn efni í blóði, var einnig gert ráð fyrir öðrum efnum, sem áhrif gætu haft á niðurstöðuna, svo numið gæti $0.03_{\text{o}/\text{oo}}$. Gasgreining á súlu er talin mæla etanólinnihald, án þess að önnur efni hafi þar nein áhrif.

Ekki þykir rétt að hverfa frá þeirri venju að ætla vikmörk frá miðtölugildi $0.10_{\text{o}/\text{oo}}$, og er samkvæmt því eigi öruggt, að alkóhól í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, hafi náð $0.50_{\text{o}/\text{oo}}$.

Samkvæmt skýrslu ákærða hafði hann umræddan morgun ekið frá Keflavík til Grindavíkur og sömu leið til baka. Í gögnum málsins kemur ekki glögg fram, hvenær morguns ákærði hóf akstur. Ekki eru fyrir hendi gögn til þess að miða við, ef reikna ætti út alkóhólinnihald í blóði ákærða við upphaf aksturs, enda hefur málið ekki verið flutt með tilliti til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir eiga að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákveða ber, að kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti skuli greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnaralaun skipaðs verjanda ákærða, alls 5.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Skarphédins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 5.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. ágúst 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 19. ágúst, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2360/1980: Ákæruvaldið gegn Óla Guðmundi Jónssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 22. apríl sl. og dómtekið 6. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 19. mars sl., á hendur „Óla Guðmundi Jónssyni vörubifreiðarstjóra, Smáratúni 34 í Keflavík, fæddum 30. desember 1944 að Skógum í Öxarfirði, fyrir að aka laugardaginn 29. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 302 frá Keflavík til Grindavíkur og síðan aftur áleiðis til Keflavíkur, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Reykjanesbraut skammt utan við Grindavíkurveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Laugardaginn 29. nóvember 1980, kl. 1204, var tilkynnt á lögregluvarðstofuna í Keflavík, að ökumaður vörubifreiðarinnar Ö 302 væri sennilega ölvaður. Var jafnframt sagt, að bifreiðin væri á leið frá Grindavík til Keflavíkur. Lögreglumenn fóru að leita bifreiðarinnar og veittu henni athygli, þar sem henni var ekið af Grindavíkurvegi inn á Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur. Stöðvuðu þeir akstur hennar skammt frá nefndum gatnamótum og höfðu tal af ökumanninum, ákærða í málinu. Er þeir ræddu við hann, lagði áfengisþef frá vitum hans. Blés hann í öndunarsýni, og sýndi það II. stig. Var ákærði færður á lögreglustöðina og síðan til lækni, sem tók honum blóð kl. 1215. Magn alkóhóls í blóðsýni þessu var 0.58‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík 9. janúar 1981. Kvaðst hann hafa drukkið örfá glös af áfengistegundinni „Twenty one“ kvöldið fyrir umrætt atvik og fundið aðeins til breytingar á sér af neyslunni. Sofnaði hann síðan um kl. 0030—0100 og vaknaði um kl. 1000. Einskis matar neytti hann fram til þess, er blóðsýni var tekið honum. Fann hann rétt aðeins til þess að hafa neytt áfengis kvöldið áður, en hann hafi þó alls ekki verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni snögga ferð til Grindavíkur, en þaðan var hann að koma, þegar lögreglan hafði af honum afskipti. Taldi hann enga hættu á, að alkóhól mældist í blóði sinu.

Framburður ákærða fyrir dómi var í meginatriðum samhljóða því, sem hér hefur verið rakið. Hann giskaði á, að hann hefði drukkið um 1/3 lítra af framangreindri vintegund. Hafi hann hætt neyslunni um kl. 0030.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Í hæstaréttarmáli nr. 178/1978, sem dæmt var 20. júní 1980, var gerð tölfraðileg könnun á mælingum þess dags, þegar blóðsýni það, sem nefnt mál snerist um, var efnagreint, og til samanburðar sams konar könnun á þremur öðrum dögum, völdum af handahófi. Niðurstaða könnunarinnar var sú, að gera mátti ráð fyrir, að það gerðist sjaldnar en í eitt skipta af þúsund, að blóð með etanólinnihaldi minna en 0.50‰ ákvarðaðist 0.58‰ eða meira.

Próf. Þorkell Jóhannesson, dr. med., og Jóhannes Skaftason lektor hafa gagnrýnt þá aðferð, sem þremenningar þeir, er stóðu að könnuninni, viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólpéttni 1.20‰, og lýkur greinargerð þeirra með svohljóðandi athugasemd.

„Með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0.50‰ og 1.30‰

teljum við, að ekki hafi verið beitt nógu nákvæmri aðferð við staðtölulega útreikninga og ákvörðun vikmarka.“

Í máli ákærvaldsins gegn X, sem upp kom 12. apríl 1980 og dæmt var 15. apríl sl. í sakadómi Reykjavíkur, voru dómkvödd þau Ottó J. Björnsson tölfraeðingur, Alda Möller Ph. D., matvælaeverkfraeðingur, og Þorvaldur Búason eðlisfraeðingur til þess að segja álit sitt á þar tilgreindum atriðum. Skyldi hin sérfræðilega rannsókn þeirra m. a. beinast að því að ákveða neðri mörk (viðmiðunarmörk) fyrir þau uppgefnu gildi frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, er tryggja, t. d. með 99% eða 99.9% líkum, að raungildi alkóhólinnihalds í blóðsýni sé ekki undir 0.50‰.

Í álitsgerð þeirra segir, að meðal þeirra, sem rannsóknastofan gefur upp með 0.56‰ alkóhól í blóðsýni, megi gera ráð fyrir, að færri en 1 af 1000 hafi í reynd haft minna en 0.50‰ alkóhól í blóðsýni. Premenningsarnir skýra í álitsgerðinni nánar þær hugmyndir, er búa að baki aðferðum þeirra við ákvörðun á viðmiðunarmörkum, jafnframt því sem þeir taka afstöðu til framannefndrar gagnrýni próf. Þorkels og Jóhannesar lektors. Þar segir, að viðmiðunarmörkin, sem þeir setja fram, miði að því að útiloka þá villu að telja raungildi alkóhóls í blóðsýni ekki vera undir ákveðnum mörkum, þegar það er undir þeim. Sé það gert með því að notast við hátt viðmiðunarmark. Er þá höfð hliðsjón af, að vafi komi sakborningi til góða og „með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0.50‰ og 1.20‰.“ Einnig kemur fram, að „öryggi“ við alkóhólakvarðanir á rannsóknastofunni í dag er að þeirra mati meira en árið 1976, en þá gerðist atburður sá, sem hæstaréttarmál nr. 178/1978 fjallar um. Stafi þetta af því, að síðan þá hafi verið tekinn í notkun nýr gasgreinir, og einnig er nú sprautað inn í tækið loftfasa sýnanna í stað vökva (blóði) áður, sem hefði haft slæm áhrif á tækið og átt til að storkna í innspýtingarsprautu. Notkun loftfasa geti hafa aukið nákvæmni mælinga verulega.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Kveður hann ríkissaksóknara raunverulega vera að krefjast lækkunar frávíkmarka og verði hann þá að sýna fram á, að slíkt sé möglegt, svo óbyggjandi sé. Nefnir hann, að skoðanir sérfræðinga séu mismunandi í þessum efnum. Liggi því eigi fyrir lögfull sönnun á því, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum áfengis- og umferðarlaga.

Með vísan til þeirra viðmiðunarmarka, sem hinir dómkvöddu menn í áðurnefndum málum hafa sett fram og rakin hafa verið, telst skýlaust sannað, að magn alkóhóls í blóði ákærða í umrætt sinn hafi í raun náð því lágmarki, sem sett er í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt þessu og með játningu ákærða, sem á sér stoð í öðrum gögnum málsins, er hann sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.

gr. áfengislaga nr. 82/1969. Þessi háttsemi ákærða er færð til rétttra refsí-
ákvæða í ákæruskjali.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði ekki sætt neinni þeirri refsingu,
sem hér kann að skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 1.200.00 sekt í ríkissjóð, sem
greiðist innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti ákærði varð-
haldi í 4 daga í stað hennar.

Í 81. gr. umferðarlaga eru skýrar reglur um ökuleyfismiðgi vegna ölvunar
við akstur vélknúins ökutækis, en samkvæmt hæstaréttardómi 4. desember
1973 helgast það af langri dómvenju að beita bæði ákvæðum umferðarlaga
og áfengislaga, þegar svo stendur á sem hér er um fjallað. Skemmsta svipt-
ing ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga er 1. mánuður, en 3 mánuðir
samkvæmt 24. gr. áfengislaga. Samkvæmt þessu er eigi unnt að svipta
ákærða ökuleyfi sínu í skemmri tíma en 3 mánuði, og skal hann sæta þeirri
sviptingu frá dómsbirtingu.

Loks skal ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. laun
skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmans kr.
1.500.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jónsson, greiði sekt kr. 1.200.00 í ríkissjóð,
sem afplánist með 4 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4
vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. þóknun skipaðs
verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmans, kr.
1.500.00.